Um miðjan mars var jörð klakalaus og tún byrjuð að spretta. Þá gerði frosta- og kuldakafli samfellt í tæpar sex vikur. Gróður sölnaði svo kirfilega að í maíbyrjun sá hvergi nokkurs staðar græna nál né grænan lit á gróðri. Maímánuður byrjaði á rigningu, síðan á vikulöngum, einstökum hlýindakafli, snerist síðan aftur í óvenjulega kuldatíð, sem hélst fram um sólstöður. Sólarlaust var og úrkomusamt fram yfir miðjan júlí. Þá loks tók sumarið við sér, en það virtist vera orðið of seint fyrir kornið að minnsta kosti sunnanlands og vestan. September varð svo óvenjuhlýr.

Víðast hvar komst kornið ekki niður fyrr en undir miðjan maí og lenti beint í langvarandi þurrakulda. Hlýindin í september virtust heldur ekki koma korninu að fullum notum. Eins og áður segir lauk sumrinu svo, að kornuppskera varð með minnsta móti um mikinn hluta landsins. Um miðbik Norðurlands mátti þó segja, að kornuppskera væri í góðu meðallagi og átti það bæði við um tilraunir og akra bænda.

Korntilraunir voru ívið fyrirferðarminni sumarið 2006 en næstu tvö sumur þar á undan. Talsvert meira en helmingur allra reita var á Korpu eða um 420 í fullri stærð (10 m²) og 200 smærri. Tilraunir utan Korpu voru aðeins á hinum hefðbundnu tilraunastöðum og reitir voru þar um 360 talsins, allir í fullri stærð.

Tilraunirnar urðu fyrir ýmsum áföllum. Á Möðruvöllum lagðist sumt kornið í tilrauninni, einkum útlend sexraðayrki. Á Hvanneyri var illgresi til vandræða. Á Þorvaldseyri ódrygðist korn mjög í hvasvídri þann 17. september, einkum fauk korn af fljótþroska yrkjum. Á Korpu voru allar korntilraunir úðaðar með illgresiseyðinum Herbatox þann 10. júní. Þótt skammtur væri samkvæmt ráðleggingum framleiðanda, hafði illgresiseyðirinn mjög slæm áhrif á kornið. Mikið bar á geldum blómum í kornöxum, þar sem úðað hafði verið, mest í fljótþroska tvíraðayrkjum. Í öxum á Skeglu og Kríu mátti heita, að annað hvert blóm væri gelt. Urðu öxin beinlínis vansköpuð af þessum sökum. Úðunin hlýtur því að hafa dregið verulega úr uppskeru á Korpu.

Tilraun nr. 125-06. Samanburður á byggyrkjum.

Sammanburður byggyrkja hefur tvönnan tilgang. Annars vegar er leitað eftir nýjum erlendum yrkjum, sem að gagni gætu komið í íslenski kornrækt og hins vegar eru íslenskar kynbótalínur reyndar í sömu tilraunum og erlendu yrkin. Í ár var sáð í 5 tilraunir í þessari tilraunaröð. Þær voru á eftirtöldum stöðum:

Tilraunastaður	Skammstöfun	Land	Áburður		Sáð	Uppskorið
			kg N/ha	teg.		
Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum	Þor	sandmýri	87	Fjgr. 5	27.4.	21.9.
Korpu í Mosfellssveit	Kor	mólendi	58	Fjgr. 5	9.5.	20.9.
Hvanneyri í Borgarfirði	Hva	mýri	58	Fjgr. 5	8.5.	19.9.
Vindheimum í Skagafirði	Vin	sandur	116	Fjgr. 5	3.5.	12.9.
Möðruvöllum í Eyjafirði	Möö	mólendi	87	Fjgr. 5	4.5.	12.9.

Sáð var með raðsáðvél í allar þessar tilraunir. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m². Tilraunirnar voru skornar með þreskivél. Þá var allur reiturinn skorinn, uppskera vegin, og eitt sýni tekið til að ákvarða þurrefni og kornhlut. Samreitir voru hvarvetna 3.

Í þessum tilraunum voru tvö íslensk yrki og fimm kynbótalínur (Skegla, Kría, Teista, Hrútur og Skúmur I, II og III). Önnur yrki voru norsk (Arve, Olsok, Tiril, Lavrans, Ven, og sjö kynbótalínur merktar ýmist Nk eða Gn), sænsk (Judit, Filippa, Re kyl, Barbro, Mitja og lína merkt Swn) og finnsk (Saana og Minttu). Mörg yrki í tilrauninni á Þorvaldseyri höfðu misst stærstan hluta af korninu í hvassviðri. Mæld uppskera af þeim er sett í sviga og ekki notuð í meðaltali, en eru með í útreikningi á tilraunasekkju.

Nöfn á sexraðayrkjum eru skáletruð. Yrkjum er raðað eftir meðaluppskeru, þannig að þau uppskerumestu eru efst. Eins er tilraunastöðum raðað eftir uppskeru frá vinstri til hægri.

Kornuppskera, hkg þe./ha

Yrki	Möð	Vin	Þor	Kor	Hve	Mt.
1. Skúmur I	81,7	-	30,7	33,5	24,2	47,8
2. Skúmur III	76,2	59,7	32,1	28,7	25,4	46,6
3. Skúmur II	80,6	56,5	30,0	29,2	25,2	46,5
4. Saana	-	-	32,1	27,6	30,8	46,2
5. Judit	80,5	55,3	(11,3)	28,3	23,8	46,1
6. Nk01037	78,1	56,3	-	27,2	24,3	45,6
7. Ven	67,5	56,6	(17,6)	34,7	27,1	45,6
8. Tiril	75,7	53,0	(11,2)	27,3	28,4	45,2
9. Nk98707	73,6	54,0	-	31,1	25,1	45,0
10. Gn02037	69,1	57,3	-	32,3	22,0	44,3
11. Teista	65,3	55,7	(14,7)	32,6	-	43,8
12. Nk98615	71,4	52,0	-	26,6	27,7	43,5
13. Jyvä	72,5	52,9	-	26,2	25,0	43,2
14. Nk01010	72,7	52,7	-	24,5	25,5	42,9
15. Kría	65,8	52,6	(18,9)	31,2	25,2	42,8
16. Olsok	70,0	53,4	(10,0)	29,4	21,6	42,7
17. Swn99189	69,8	55,4	-	23,5	24,6	42,4
18. Arve	71,3	54,5	(8,2)	23,8	21,6	41,9
19. Lavrans	65,9	51,1	(10,5)	27,8	24,1	41,3
20. Nk01005	66,8	52,5	-	21,9	26,8	41,1
21. Gn02083	65,7	48,7	-	25,7	21,8	39,6
22. Skegla	59,8	49,9	(15,1)	26,0	24,4	39,1
23. Re kyl	-	44,8	25,0	26,5	-	38,6
24. Mitja	60,1	46,1	(17,5)	26,0	24,8	38,3
25. Barbro	60,3	41,3	25,0	27,3	20,4	37,1
26. Minttu	59,7	43,9	(19,2)	22,8	-	34,8
27. Hrútur	52,7	-	-	17,0	-	28,8
28. Filippa	-	-	(17,7)	17,4	16,1	27,6
Meðaltal	68,4	51,6	27,8	27,0	23,9	41,8
Staðalfrávik	3,68	3,62	4,18	2,41	4,77	
Fritölur	49	46	34	58	46	

Ýmsar mælingar, sem birtar eru á þessari síðu undir fyrirsögninni Þroski, eru meðaltal úr öllum tilraununum fimm. Skriðdagur var þó aðeins skráður í tilrauninni á Korpu og einungis þar var metið smit. Að meðaltali skreið kornið á Korpu 31. júlí.

Þroski

Yrki	Þúsund korn, g	Rúmþyngd, g/100ml	Þurrefni, %	Þroska-einkunn	Athuganir á Korpu	
					Skrið	Smit, %
1. Skegla	38	65	56	159	27	92
2. Kría	37	66	56	159	29	95
3. <i>Hrútur</i>	33	58	63	155	21	99
4. <i>Nk01005</i>	36	60	57	154	30	81
5. <i>Jyvä</i>	33	63	56	152	29	81
6. <i>Lavrans</i>	34	62	56	152	29	33
7. <i>Nk01037</i>	34	60	57	152	28	84
8. Teista	36	61	55	151	29	40
9. Barbro	38	63	51	151	34	33
10. <i>Olsok</i>	33	58	58	150	33	92
11. <i>Gn02037</i>	35	59	55	149	31	11
12. <i>Swn99189</i>	30	61	57	148	32	92
13. <i>Judit</i>	33	59	56	148	30	81
14. <i>Nk98707</i>	34	60	54	148	30	26
15. Saana	36	61	51	147	39	33
16. <i>Nk01010</i>	33	59	55	147	28	81
17. <i>Tiril</i>	32	59	55	147	29	84
18. Mitja	35	61	51	146	36	84
19. <i>Arve</i>	32	58	56	146	30	95
20. <i>Ven</i>	30	62	53	146	36	40
21. Filippa	39	60	47	145	36	77
22. <i>Skúmur II</i>	31	59	55	145	29	95
23. Minttu	36	59	49	143	36	81
24. <i>Gn02083</i>	31	58	54	143	31	84
25. <i>Skúmur III</i>	31	57	52	141	31	92
26. <i>Nk98615</i>	30	59	52	140	34	62
27. <i>Rekyl</i>	33	59	47	139	34	51
28. <i>Skúmur I</i>	30	51	54	135	29	88

Tilraunir

1. Þorvaldseyri	39	66	70	176
2. Möðruvöllum	36	63	52	151
3. Vindheimum	33	60	51	143
4. Hvanneyri	30	56	50	136
5. Korpu	29	54	48	132
Meðaltal	34	60	54	148

Talan í skriðdálkinum táknað fjölda daga frá 30. júní. Smit var metið 28. ágúst og tiltekur, hve stór hluti af blöðum var þá visinn. Fljótþroska yrki fara venjulega illa út úr mati af þessu tagi, því að sveppurinn hefur þar haft lengstan tíma til að vinna spjöll á blöðum.

Þroski korns var að meðaltali nánast sá sami og síðastliðið ár (þroskaeinkunn 147 árið 2005), en áberandi lakari en árin næstu þar á undan. Þá var meðalþroskaeinkunn úr öllum tilraunum 163 (2003) og 176 (2004). Meðaluppskera úr tilraunum var ennþá lakari í ár en í fyrra, hvað þá árin þar á undan. Meðaluppskera var 50,1 (2003), 52,3 (2004) og 43,3 (2005) hkg þe./ha. Kornid á Þorvaldseyri bar af að þroska, en var mjög skemmt af vindum, eins og áður segir.

Uppgjör á samanburði byggyrkja árin 1996–2005.

Þetta uppgjör var unnið á sama hátt og í fyrra. Notað var gagnasafnið, sem þá var undirbúið að viðbættum tilraunum ársins í ár. Þar með eru notaðar tölur frá 11 árum eða frá 1996–2006 að báðum árum meðtöldum.

Samspil stofna og staða hefur verið reiknað sem hending og er ríkjandi í skekkju á samanburði milli stofna. Tilraunum með mismunandi tilraunaskekkju hefur verið gefið mismikið vægi líkt og tilraunir með mikla skekkju hefðu færri samreiti en hinar. Yrkjunum er raðað eftir besta línulegu mati á uppskeru (BLUE). Nákvæmari lýsingu á úrvinnslu er að finna í jarðræktarskýrslum árunna 1994 og 1995.

Sexraðayrkin koma fram í 59 tilraunum í þessu uppgjöri, en tvíraðayrkin 82. Þessir tveir flokkar eru eins og fyrr gerðir upp hvor í sínu lagi. Það er vegna þess, að röðunin er misjöfn eftir landshlutum. Þannig eru sexraðayrkin oftast efst norðanlands en neðst syðra. Í sameiginlegu uppgjöri hefði skekkjan því orðið úr hófi mikil. Í uppgjöri er sleppt þeim tilraunum, þar sem fokskemmdir höfðu veruleg áhrif á mælda uppskeru af sexraðayrkjum.

Alls komu til röðunar 48 tvíraðayrki og 38 sexraða. Niðurstöður fylgja hér í töflu. Sleppt er að nefna ýmsar kynbótalínur, íslenskar og erlendar, sem ekki hafa skilið eftir sig spor og hafa ekki verið ræktaðar utan tilrauna. Athuga ber samt, að raðtalan úr uppgjörinu er látin halda sér.

	Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna		Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna
<i>Sexraðayrki</i>							
1. Skúmur III	48,0	1,58	22	18. Olsok	42,5	1,16	50
2. Skúmur I	47,6	1,54	24	19. Jyvä	42,4	2,97	4
3. Skúmur I	47,3	1,81	16	22. Gaute	41,3	1,48	23
4. Judit	45,2	1,83	15	26. Arve	40,3	-	57
7. Ven	44,7	1,41	26	30. Rolfi	39,2	1,36	27
10. Nina	44,4	1,56	19	34. Edel	37,2	2,15	6
11. Tiril	44,0	1,41	26	35. Artturi	36,6	2,48	8
16. Lavrans	42,7	1,29	33	38. Hrútur	30,6	1,61	16

	Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna		Upp- skera hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna
<i>Tvíraðayrki</i>							
1. Teista	44,0	1,75	27	32. Mitja	37,9	2,89	4
2. Kría	42,5	1,60	45	37. Mari	37,3	-	13
10. Lóa I	40,7	1,88	21	40. Filippa	36,9	1,51	62
12. Saana	40,6	1,73	22	41. Sunnita	36,9	1,71	18
22. Skegla	39,0	1,54	59	42. Barbro	36,3	2,89	4
27. Rekyl	38,6	1,76	20	43. Gunilla	36,2	1,62	25
29. Rjúpa	38,3	1,66	29	44. Minttu	35,8	3,03	3
30. Gold. prom.	38,3	1,89	17	48. Olve	33,5	2,39	6

Tilraun nr. 916-06. Byggyrki í blöndu, Möðruvöllum.

Erlendis tíðkast nokkuð að nota byggyrki í blöndum og skila blöndurnar þá meiri uppskeru en yrkin hvort um sig. Til að kanna, hvernig þetta reyndist hér, var gerð tilraun á Möðruvöllum. Valin voru fjögur yrki, hvert öðru ólík og reynd saman tvö og tvö, þrjú og þrjú og öll saman. Að viðbættum yrkjunum í hreinrækt urðu þetta 15 liðir, samreitir voru 3 og reitir því 45 í allt. Yrkin voru Arve, Skúmur II, Hrútur og Kría. Hæðarmunur er mikill milli yrkja, Arve er hávaxinn, en Skúmur II mjög lágvaxinn, hin þar á milli. Einnig er munur í þroska, þar eð Hrútur er afar fljóttþroska. Kría ein er tvíraða

Tilraunin var gerð í sömu spildu og yrkjasamanburður á Möðruvöllum og sömu aðferð var beitt við sáningu og skurð. Sýni voru klippt úr blöndureitum í einum samreit og kornöxin greind eftir yrkjum. Sáð var 4. maí og uppskorið 12. september. Sáning á 5 reitum mistókst og voru þeir felldir niður úr uppgjöri. Frítölur fyrir skekkju eru því 23.

	Þúsund- korn, g	Rúm- þyngd	Þurr- efni, %	Korn, hkg þe./ha
1. Arve	41	63	58	78,3
2. Skúmur II + Kría	37	67	58	76,7
3. Arve + Skúmur II	37	63	56	74,9
4. Ar + Sk + Kr	39	64	55	74,1
5. Ar + Sk + Kr + Hr	39	64	56	74,0
6. Ar + Hr + Kr	40	65	59	72,9
7. Skúmur II	29	61	52	70,6
8. Arve + Kría	39	65	57	69,7
9. Ar + Sk + Hr	38	63	59	68,2
10. Sk + Hr + Kr	36	64	55	68,1
11. Skúmur + Hrútur	35	61	56	68,0
12. Kría	42	70	55	63,5
13. Arve + Hrútur	41	63	57	62,8
14. Hrútur + Kría	42	66	56	61,3
15. Hrútur	38	61	61	55,3
Meðaltal	38	64	57	69,2
Staðalfrávik	1,7	1,2	1,8	4,65

	Púsund- korn, g	Rúm- þyngd	Þurr- efni, %	Korn, hkg þe./ha
Arve	41	63	58	78,3
Blöndur með Arve, mt.	39	64	57	70,9
Skúmur II	29	61	52	70,6
Blöndur með Skúmi II, mt.	37	64	56	72,0
Hrútur	38	61	61	55,3
Blöndur með Hrúti, mt.	39	64	57	67,9
Kría	42	70	55	63,5
Blöndur með Kríu, mt.	39	65	57	71,0
Yrkin hrein, mt.	38	64	56	66,9
Allar blöndur, mt.	38	64	56	70,1

Eins og áður segir voru klippt sýni úr blöndureitum í einum samreit og þau greind til yrkja. Tekið var vegið meðaltal allra 11 sýnanna. Niðurstöður urðu þessar:

	Öx í sýni, %	Korn- uppsk., %	Fj. korna í sýni, %	Ax- þungi, g	Korn í axi, fjöldi
Arve	24	37	34	1,6	32
Skúmur II	20	20	22	0,8	22
Hrútur	24	17	18	0,6	15
Kría	32	26	26	0,6	14

Arve kom mun betur út í þessari tilraun en í yrkjasamanburði á Möðruvöllum og voru tilraunirnar þó hlið við hlið. Að sama skapi var Skúmur II slakur hér. Erfitt er að túlka niðurstöðurnar. Engin blandan náði Arve að uppskeru, en meðaluppskera af blöndum er meiri en meðaltal yrkjanna í hreinrækt. Blanda Skúms II og Kríu gaf hér góða raun. Hún verður reynd í yrkjatilraunum næsta ár.



Tilraunareitir (Skúmur I–III) á Möðruvöllum 12. september 2006.

Tilraun nr. 917-06. Selenáburður á bygg. Hvanneyri, Vindheimum og Möðruvöllum.

Sáð var í tilraunir meðfram yrkjasamanburði á þremur stöðum. Tilraunirnar eru hluti af stærra verkefni, sem fjallar um áhrif selens á skepnur og fólk. Liður í því verkefni er tilraun til að selenbæta fóður með selenáburði. Í tilraunina fékkst áburður frá Danmörku (21-3-10), tvær gerðir að öllu leyti eins nema að önnur innihélt selen, hin ekki. Þessar áburðartegundir voru bornar saman og líka blanda þeirra (þ.e. ½ skammtur af seleni). Jarðvegur var mismunandi, mýri (Hvanneyri), sandur (Vindheimum) og mólendi (Möðruvöllum). Sáðtími og skurðartími var hinn sami og á yrkjasamanburði, sömuleiðis aðferð við sáningu og skurð og skal vísað í þann kafla. Áburður var sem svarar 60 kg N/ha á Hvanneyri, 90 N á Möðruvöllum og 120 N í Vindheimum.

Fosfóráburði var bætt við, því að danski áburðurinn uppfyllti tæpast fosfórþörf korns hérlendis. Byggyrki í tilrauninni var Kría. Samreitir voru hvarvetna 3 og reitir á hverjum stað því 9 talsins.

Að sjálfsögðu var enginn munur á uppskeru eftir selenáburðarliðum. Uppskera á hverjum stað að meðaltali 3 liða var eftirfarandi:

	Þúsund- korn, g	Rúm- þyngd	Þurr- efni, %	Korn, hkg þe./ha
Hvanneyri	41	69	53	25,7
Vindheimum	37	69	53	43,5
Möðruvöllum	42	70	54	63,6
Meðaltal	40	69	53	44,3
Skekka mism. milli staða	1,1	0,3	0,5	1,22

Eins og eðlilegt er, er enginn uppskerumunur eftir selenáburði. Niðurstöður tilraunarinnar fást eftir efnagreiningar á seleninnihaldi korns. Niðurstöður úr þeim verða birtar í tilraunaskýrslu að ári.

Tilraun nr. 782-06. Vetrarkorn og nepja á Korpu og Þorvaldseyri.

Sáð var í tilraun með tvíærar nytjajurtir til korns á Korpu og Þorvaldseyri. Á Þorvaldseyri var sáð 8 yrkjum af vetrarhveiti í 4 samreiti þann 2.8. Á Korpu var sáð 7 yrkjum af vetrarhveiti, 4 af rúghveiti, 3 af vetrarrúgi, 2 af vetrarrepju og 2 af vetrarnepju í 3 samreiti þann 13.7. Áburður við sáningu var á báðum stöðum 60 kg N/ha í Græði 5 eða 60N-27P-48K.

Sáning heppnaðist vel á báðum stöðum og gróður fór hæfilega sprottinn undir vetur. Árangur af sáningunni verður að öðru leyti ekki ljós fyrir en að sumri. Korn og fræ verður skorið haustið 2007.

Kornrækt og sáðskipti (132 9504)**Tilraun nr. 421-06. Tegundir og stofnar grænfóðurs, Hvanneyri.**

	Stofn og sáðmagn		Uppskeyra, þe. hkg/ha		
			1. sl.	2. sl.	Samtals
A	Sumarhafrar, Sanne	200 kg/ha	75,9		75,9
B	Vetrarhafrar, Jalna	200 kg/ha	69,8		69,8
C	Bygg, IsKría	200 kg/ha	46,3		43,3
D	Sumarrýgresi Barspectra	35 kg/ha	39,6	29,4	69,0
E	Sumarrýgresi Botrus	35 kg/ha	36,0	26,6	62,6
F	Vetrarrýgresi Barmultra	35 kg/ha	33,9	27,1	60,0
G	Vetrarrýgresi Dasas	35 kg/ha	34,1	29,1	63,2
H	Sumarrepja Pluto	10 kg/ha	45,3		45,3
I	Sumarrepja Pluto	15 kg/ha	44,6		44,6
K	Vetrarrepja Akela	10 kg/ha	62,5		62,5
L	Vetrarrepja Barcoli	10 kg/ha	74,2		74,2
M	Vetrarrepja Delta	10 kg/ha	67,5		67,5
O	Vetrarrepja Hobson	7,5 kg/ha	64,5		64,5
P	Vetrarrepja Hobson	10 kg/ha	65,1		65,1
R	Vetrarrepja Hobson	15 kg/ha	69,7		69,7
S	Vetrarrepja Hobson	20 kg/ha	77,1		77,1
T	Vetrarrepja Interval	10 kg/ha	72,5		72,5
U	Mergkál Grüner Angeliter	10 kg/ha	46,2		46,2
X	Fóðurnæpa, Samson	2 kg/ha	56,0 ¹		56,0

¹ Kál og næpa

Tilraunin var á Sólvangsflöt. Sáð var 26.5. og valtað daginn eftir. Borið hafði verið á fyrir sáningu 1000 kg Græðir 5 á hektara. Reitastærð 2×8 m. Þann 9.6. var gengið um tilraunina og þá var spírun hafin á flestum reitum en svo lítið að ekki var komin græn slika á svæðið. Byggið einna lengst komið.

Fyrri sláttur í liðum D, E, F og G var sleginn 31.7. Þá var bygg rétt að byrja skrið og sama má segja um sumarrýgresi. Vetrarrýgresi var ekkert farið að skriða en þar var mjög mikill arfi, þó var ekki hægt að segja að rýgresið væri í kafi. Annars talsverður arfi á öllum liðum.

Liðir H og I voru slegnir 3.8. Blómgun var rétt að byrja. Þá var mest hæð Pluto 55 sm og blaðhæð 50 sm. Tekin voru sýni úr liðum D, F, H og I við slátt og þeim skipt í blöð, stöngla og arfa.

Sumarrepja

H-liður, Pluto 10kg	Blöð	Stönglar	Arfi	Samtals
g	19,9	17,8	18,0	55,7
%	36	32	32	100
I-liður, Pluto 15kg				
g	27,7	23,4	11,4	62,5
%	44	37	18	100

Sumarrýgresi**Sprotar**

D-liður	Skriðnir	Óskriðnir	Blöð	Arfi	Alls
g	17,1	3,9	25,1	17,2	63,3
%	27	6	40	27	100

Vetrarrýgresi

F-liður	Gras	Arfi	Alls
g	21,2	30,1	51,3
%	41	59	100

Sumarheit mjólkurkúa (125 9583)

Tilraun nr. 880-06. Sprettuferill rýgresis, Hvanneyri og Möðruvöllum.

Þessar tilraunir voru gerðar með styrk Átaksverkefnis í nautgriparækt sem hluti verkefnisins „Sumarheit mjólkurkúa“. Þáttaðir eru saman mismunandi sláttutímar í 1. slætti og bil milli sláttu við endurvöxt í sumar- og vetrarrýgresi, Tewera og Tetila. Tilraunirnar voru gerðar í 2 ár og voru niðurstöður frá Hvanneyri 2005 birtar í síðustu Jarðræktarrannsóknunum. Hér eru hins vegar birtar niðurstöður frá Hvanneyri 2006 og bæði árin frá Möðruvöllum.

Eins og sést í eftirfarandi töflum, þá er uppskera einstakra sláttutíma mjög mismunandi og skekkja sömuleiðis. Við uppskerumestu slættina var hún af stærðargráðunni 1,5 hkg þe./ha en við aðra slætti yfirleitt langt undir 1,0 hkg þe./ha.

Hvanneyri 2006, sáð 13.5. Sláttudagar	Sumarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha								Alls	
	20.7.	27.7.	3.8.	10.8.	17.8.	24.8.	31.8.	20.9.		6.10.
<u>Fyrsti sláttur 20.7.</u>	22									
Slegið á 14 daga fresti			7			9			6	44
Slegið á 21 dags fresti				13			7		6	48
Slegið á 28 daga fresti					22			11		55
<u>Fyrsti sláttur 27.7.</u>	32									
Slegið á 14 daga fresti				3		7			5	47
Slegið á 21 dags fresti					7				12	51
Slegið á 28 daga fresti						14			7	53
<u>Fyrsti sláttur 3.8.</u>	43									
Slegið á 21 dags fresti						5			9	57
Slegið á 28 daga fresti							10		8	61
<u>Fyrsti sláttur 10.8.</u>	47									
Slegið á 21 dags fresti							10		7	64
Slegið á 28 daga fresti								20		67
Hvanneyri 2006 Sláttudagar	Vetrarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha								Alls	
	20.7.	27.7.	3.8.	10.8.	17.8.	24.8.	31.8.	20.9.		6.10.
<u>Fyrsti sláttur 20.7.</u>	13									
Slegið á 14 daga fresti			10			14			10	47
Slegið á 21 dags fresti				16			9		8	46
Slegið á 28 daga fresti					25			15		53
<u>Fyrsti sláttur 27.7.</u>	21									
Slegið á 14 daga fresti				6		9			9	45
Slegið á 21 dags fresti					13				16	50
Slegið á 28 daga fresti						31			12	64
<u>Fyrsti sláttur 3.8.</u>	31									
Slegið á 21 dags fresti						10			11	52
Slegið á 28 daga fresti							13		9	53
<u>Fyrsti sláttur 10.8.</u>	39									
Slegið á 21 dags fresti							8		10	57
Slegið á 28 daga fresti								21		60

Möðruvellir 2005, sáð 26. maí.
 Sláttudagar

		Sumarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha							
		2.8.	10.8.	16.8.	23.8.	30.8.	7.9.	27.9.	Alls
<u>1. sláttur 2. ágúst</u>	31								
Endurvöxtur 2 vikur				5					36
Endurvöxtur 3 vikur					12				43
Endurvöxtur 4 vikur						17			48
Endurvöxtur 8 vikur								30	61
<u>1. sláttur 10. ágúst</u>	41								
Endurvöxtur 2 vikur					7				48
Endurvöxtur 3 vikur						14			55
Endurvöxtur 4 vikur							14		55
Endurvöxtur 7 vikur								21	62

Möðruvellir 2005

		Vetrarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha							
		2.8.	10.8.	16.8.	23.8.	30.8.	7.9.	27.9.	Alls
<u>1. sláttur 2. ágúst</u>	27								
Endurvöxtur 2 vikur				10					37
Endurvöxtur 3 vikur					20				47
Endurvöxtur 4 vikur						23			50
Endurvöxtur 8 vikur								35	62
<u>1. sláttur 10. ágúst</u>	40								
Endurvöxtur 2 vikur					9				49
Endurvöxtur 3 vikur						18			58
Endurvöxtur 4 vikur							16		56
Endurvöxtur 7 vikur								29	69

Möðruvellir 2006, sáð 4. maí.

		Sumarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha								
		4.7.	14.7.	24.7.	3.8.	15.8.	25.8.	5.9.	19.9.	Alls
<u>1. sláttur 4. júlí</u>	22									
Slegið á 10 daga fresti		10	8	7	7				15	69
Slegið á 20 daga fresti			21		30		8	2		83
Slegið á 30 daga fresti				45			28	2		97
Slegið tvisvar						81		14		117
<u>1. sláttur 14. júlí</u>	41									
Slegið á 10 daga fresti			9	8	9	5		5		77
Slegið á 20 daga fresti				23		22		6		92
Slegið á 30 daga fresti					59			18		118
Slegið tvisvar							72	6		119

Möðruvellir 2006

		Vetrarrýgresi, uppskera, hkg þe./ha								
		4.7.	14.7.	24.7.	3.8.	15.8.	25.8.	5.9.	19.9.	Alls
<u>1. sláttur 4. júlí</u>	19									
Slegið á 10 daga fresti		12	8	10	13				19	81
Slegið á 20 daga fresti			28		30		10	3		90
Slegið á 30 daga fresti				47			33	5		104
Slegið tvisvar						88		13		120
<u>1. sláttur 14. júlí</u>	35									
Slegið á 10 daga fresti			13	9	10	6		6		79
Slegið á 20 daga fresti				31		22		7		95
Slegið á 30 daga fresti					47			15		97
Slegið tvisvar							81	5		121

Beit á grænfóður, Hvanneyri.

Þessi athugun var með sama sniði og árið 2005, sjá Rit LbhÍ nr. 11. Rýgresishlutinn var eins, en nú gátu kýrnar valið milli 5 stofna af vetrarrepju, Akela, Barcoli, Delta, Hobson og Interval. Sáð var 13. maí og borið á um leið 1000 kg Græðir 5 (15-15-15).

Akela er dvergrepja, þ.e.a.s stöngull hennar er stuttur og hún mátti víkja nokkuð í samkeppni við arfa. Akela sýndi engin merki blómgunar. Barcoli, Delta og Hobson eru risarepjur og þegar á leið blómstruðu þær nokkuð, Hobson þó sýnu minnst. Interval, sem einnig er risarepja byrjaði snemma að blómstra og var í lok athugunartíma mjög hávaxin og nánast blaðlaus og lagðist að auki svo ekki var unnt að uppskerumæla leifarnar með slætti. Interval er því sleppt úr töflunni. Þá misfórust uppskerumælingar á Delta tvo fyrstu athugunardagana.

Randbeitt rýgresi, hkg þe./ha

Dags.	Sumarrýgresi, Tevera			Vetrarrýgresi, Tetila		
	Uppsk.	Bitið	Nýting %	Uppsk.	Bitið	Nýting %
27.7.	30	30	100	24	24	100
3.8.	41	41	100	22	22	100
10.8.	48	43	91	39	39	100
17.8.	46	46	100	47	47	100
24.8.	64	57	90	47	35	72

Um nýtingarhlutfall er rétt að hafa í huga að þegar hún er skráð 100 þýðir það eingöngu að það sem eftir var náðist ekki upp með sláttuvél. Að einhverju leyti getur það verið vegna bælingar, en þetta var þó ávallt lítið nema af einhverjum ástæðum nýttist vetrarrýgresið illa seinasta athugunartímann.

Randbeitt repja, hkg þe./ha

Dags.	Akela			Barcoli			Delta			Hobson		
	U	B	%	U	B	%	U	B	%	U	B	%
27.7	29	287	100	37	366	100	Ekki mæld			25	248	100
3.8	33	326	100	28	252	100	Ekki mæld			25	253	100
10.8	43	302	71	53	380	72	37	322	86	51	452	88
17.8	43	309	72	53	302	73	46	311	68	62	465	75
24.8	50	302	60	53	322	57	34	363	67	62	409	66

U= uppskera í hb B=bitin uppskera, g þe/m² %= hlutfallsleg nýting

Niðurstöðutölur úr beitarathuguninni eru allbreytilegar. Hver uppskerutala byggir á aðeins einni mælingu og almenn reynsla er að skekkja í uppskerumælingu repju er mikil. Hér fer saman að stofninn Hobson er í senn uppskerumestur og mest er bitað af honum. Það styður við grænfóðurtílaun á Hvanneyri 2006, en í henni var Hobson blaðríkastur þessara stofna.

Í þá tilraun var sáð 13 dögum síðar (26. maí) og þá var það aðeins Interval sem blómstraði að nokkru ráði fyrir slátt í byrjun september.

Frærækt (132-1144)

Endurnýjun á stofnfræi

Hnausasafn (polycross) af Öddu vallarfoxgrasi frá vorinu 2004 á Korpu gaf ekki fræ í ár. Það verður látið standa áfram og safnað fræi þegar árferði leyfir.

Af túnvingli, Leifi heppna, sem settur var í nýtt safn 2003 á Korpu, hefur fengist fræ, en ekki var safnað þar í ár.

Tveir valhópar af háliðagrasi eru í hnausasöfnum á Korpu og 4 hópar eru á Geitasandi. Fræ var tekið af Korpusöfnunum.

Frærækt fyrir Norræna genbankann (132-9907)

Jarðræktardeild sér um endurnýjun fræs, sem er í vörslu Norræna genbankans (NGB), eftir því sem bankinn telur þörf á. Sáð var í gróðurhús 8 stofnum af íslenskum uppruna, en ekki tókst að koma þeim út í frætokureiti. Geymdir í köldu húsi yfir veturinn og verða settir út vorið 2007.

Frærannsóknir (161-1105)

Gæðaprófanir á sáðvöru voru með hefðbundnum hætti á Möðruvöllum. Prófanir eru gerðar til að votta spírunarhæfni og hreinleika sáðvöru sem framleidd er hér á landi og ætluð til sölu. Einnig kemur til prófunar innflutt sáðvara sem hefur úrelt gæðavottorð.

Frærækt innlendra landbótaplantna (132-9346)

Fjölmargir stofnar belgjurta eru varðveittir á Geitasandi á Rangárvöllum. Eru þetta bæði innlendir og erlendir stofnar. Fræi er safnað hvert haust.

Jarðræktin á Möðruvöllum (161 1158)

Áburður

Áburður á ræktað land á Möðruvöllum sumarið 2006

	m ³ -tonn	Efnamagn, kg/ha*			
		Ha	N	P	K
Mykja	1.836	38,8	48	24	109
Tilbúinn áburður um vorið	31	84,7	80	19	19
Tilbúinn áburður á milli slátta	9	47,0	49	3	1
Alls vegið, áborið land		84,7	129	32	69
Staðalfrávik (milli túna)			47	16	58
Alls vegið nýtt ræktarland		85,2	129	31	69
Uppskorið/beitt		85,2			

* Efnamagn mykjunnar áætlað samkvæmt töflugildum („góð meðferð“) í Áburðarfræði Magnúsar Óskarssonar & Matthíasar Eggertssonar (1991). Nýtingastuðlar mykjunnar voru settir 0,55 fyrir N, 1,00 fyrir P og 0,90 fyrir K. Köfnunarefnið er enn frekar leiðrétt fyrir dreifingartíma mykjunnar, að meðaltali margfaldað með stuðlinum 0,6. Efnainnihald tilbúna áburðarins er samkvæmt uppgefnum gildum frá Áburðarverksmiðjunni hf

Eins og kemur fram í töflunni hér fyrir ofan er efnamagn mykjunnar áætlað samkvæmt töflugildum. Í tengslum við svokallað sprotabúsverkefni (sjá bls. 42) og rannsóknir á mykjuídreifingu (sjá Jarðræktarrannsóknir Rala 2003, Fjölrit nr. 215) var mykjan á Möðruvöllum efnagreind og kemur þar í ljós að efnamagn mykjunnar vísar talsvert frá uppgefnum töflugildum. Þessu er ekki breytt hér til þess að hægt sé að bera saman tölur á milli ára í jarðræktarskýrslunum. Í töflunni hér að neðan er sýndur munurinn á efnainnihaldi samkvæmt efnagreiningum annars vegar og töflugildum hins vegar. Af höfuð næringarefnunum, N, P og K er 34–41% meira borið á af efnum í mykju en gert var ráð fyrir í áætlunum sem tóku mið af töflugildum. Hins vegar er borið mun minna á af Ca en þar er gert ráð fyrir eða ríflega helmingi minna. Í því sambandi er þó vert að benda á að Ca og Mg nýtast plöntum illa vegna styrks K í mykjunni.

Áætlað áborið efnamagn (kg/ha) í mykju á Möðruvöllum 2006

	N	P	K	Ca	Mg
Samkvæmt efnagreiningum ¹⁾	65	32	154	40	24
Samkvæmt töflugildum	48	24	109	95	28
Mismunur, kg	16	8	45	-55	-4
Mismunur, %	34	35	41	-58	-16

¹⁾ Meðaltal fjögurra mykjusýna frá 2002 og 2006.

Mykjunni var dreift á móatún í nóvember 2005 og engjatún 5.–8. júní 2006. Mykju var einnig dreift í flög á Tjarnarspildu, Nunnubletti og Neðstumýri neðri 22. maí til 7. júní. Þunnri geldneytamykju var dreift reglulega yfir vetrar- og vormánuðina mest á Nyrðrislætti, Vellina og Neðstumýri. Vordreifing á tilbúna áburðinum var frá 5. maí til 14. júní. Áburður milli slátta var borinn á 10.–11. júlí.

Bústofn og afurðir

Á vegum tilraunabúsins eru eingöngu nautgripir en þar að auki sér það um fóðuröflun fyrir bústofn starfsmanna og prests. Á þeirra vegum eru um 30 vetrarfóðraðar kindur og 20 hross. Á tilraunabúinu voru 145 nautgripir um áramót og þar af 43 mjólkurkúr. Mjólkurframleiðslan var 256 tonn og kjötframleiðslan um 5,4 tonn árið 2006.

Beit

Kvígur eldri en árgamlar, voru um vorið og haustið í um 40 ha úthagahólfi s.k. Skriðum og Nunnuhóli. Um sumarið var þeim beitt á Möðruvallanes. Kvígum var gefið rúlluhey með

beitinni fram eftir vori og frá byrjun september og voru þær komnar á fulla gjöf í október. Kvígur voru síðan hýstar í nóvember. Kúnum var beitt á alls 11,8 ha ræktaðs lands þar af um 2 ha með vetrarreppju sem beitt var á frá 10. ágúst. Alls voru um 4 ha af ræktuðu landi eingöngu beittir. Sumarið 2006 var beirtími mjólkurkúna frá 15. maí til 30. september eða 138 dagar. Beirtarsólarhringar voru hins vegar 113. Kýrnar höfðu aðgang að heyi allan beirtímann. Alls voru 40 kýr á beit að jafnaði sem gerir einungis 0,30 ha fyrir hverja kú eða 3,4 kýr á hvern ha ræktaðs lands. Á beirtímanum var áætlað að kýrnar fengju um 24.566 FE_m í kjarnfóðri og 31.785 FE_m í rúlluheyi sem gefið var úti. Fóðureiningar af beitinni voru reiknaðar alls 18.568 FE_m eða um 1.574 FE_m /ha.

Fóðuröflun og tíðarfar

Meðalhiti ársins 2006 var 4,1°C sem er um 0,5°C yfir meðalhita síðustu 10 ára. Febrúar var þremur gráðum yfir meðallagi en apríl og október 1,3 gráðum undir meðallagi. Mestur hiti ársins var 22,7°C þann 4. ágúst kl. 13 og mest frost var -19,0°C þann 18. nóvember kl. 18. Frost í 2 m hæð mældist í öllum mánuðum. Úrkoman var rétt yfir meðallagi en mest var hún í nóvember eða 64 mm. Frost fór úr jörðu við veðurstöð (í túni) 24. apríl, en það er heldur seinna en undanfarin ár. Eins og undanfarin ár voraði snemma og komu tún nokkuð vel undan vetri. Korn (Kríu) var sáð í vorplægða akra á Lækjarbakka 6. maí og Kríu og Ven var sáð í Miðakramýri 8. maí. Sáð var vetrarreppju (Hobson) til beitar í Neðstumýri 10. júní í um 2 ha. Sáð var vallarfoxgrasi (Noreng, Öddu og Grindstad) 9. júní í flög á Tjarnarspildu og Nunu-bletti samtals í samtals 6,8 ha.

Undanfarin ár hafa engjatúnin á Möðruvöllum verið lítið nýtt og þar hafði víða safnast mikil sína sem ákveðið var að brenna. Þann 28. apríl voru sviðnir um 50 ha af engjatúnum en einnig voru kornakrar á Lækjarbakka og Akramýri brenndir. Á engjunum varð mikið bál enda eldsmatur mikill og svörðurinn brann því mikið til og einungis þykkt öskulag varð eftir. Um sumarið var fylgst með gróðurframvindunni.

Sandhólminn á Möðruvallaengjum



17. maí 2006.



23. júní 2006

Ætihvannir vaxa hratt upp úr öskunni og brennisóleyjar eru í blóma.

Í Hólmanum á Möðruvallaengjum var bæði land, sem brennt var um vorið og einnig land sem var slegið sumarið 2005 og slapp þess vegna við eldinn. Grösín á óbrennda hlutanum voru við skrið þann 8. júlí, en ekki þau sem brennd voru, væntanlega vegna þess að eldurinn hefur grandað blómvísum grasanna sem myndast á haustin.

Í Presthólmanum á Möðruvallaengjum var umfeðmingur mjög vöxtulegur eftir sinubrunann og þakkti allt að 40–50%. Hann er annars lítið áberandi í slegnum engjatúnum.

Tegundir sem urðu greinilega meira áberandi eftir brunann voru ætihvönn, umfeðmingur og brennisóley. Snarrótin sviðnaði illa en var fljót að ná sér. Língresi og vallarsveifgras voru einnig frekar lengi af stað en jarðrenglur lifðu greinilega brunann af. Tegundir sem ekki varð vart við á brunasvæðum en eru nokkuð algengar á Möðruvallaengjum voru vallarfoxgras og hrafnaklukka. Ekki var borið á engin og þegar leið á sumarið kom fram köfnunarefnisskortur.

Grassprettu fór rólega af stað enda meðalhiti í apríl og maí undir meðallagi en júnímánuður var hins vegar hlýr. Sláttur hófst 25. júní og fyrri slætti lauk á engjatúnum 29. júlí. Seinni sláttur var sleginn 15. til 23. ágúst. Korníð var fram eftir sumri undir meðallagi í þroska en seinni hluti ágúst og allur september hjálpuðu mikið upp á þroskann. Korníð var skorið 19. september og var það verkað með própíónsýru (23 l á korntonið) í votheysflatgryfju í fjóshlöðunni. Korníð var einungis með 52% þurrefni að jafnaði við þreskingu og rúmþyngdin var 345 kg þe. í rúmmetranum.

Tvö hirðingarsýni voru yfirleitt tekin af hverri spildu í fyrri slætti til þurrefnisákvörðunar og efnagreininga. Mun færri sýni voru hins vegar tekin til efnagreininga úr seinni slætti en efnainnihald allra spildna var samt áætlað út frá þeim niðurstöðum. Fóðurgildi korns er ákvarðað út frá töflugildum í Handbók bænda 2004. Öll hey voru bundin og pökkuð af þremur verktökum.

Vegin uppskera á Möðruvöllum af ræktuðu landi sumarið 2006

	Ha	Kg þe./ha	FE _m /ha	FE _m /kg þe.
1. sláttur	76,3	3020	2340	0,77
-staðalfrávik (milli tóna)		1234	1057	0,05
2. sláttur	41,7	2461	1935	0,79
-staðalfrávik (milli tóna)		705	465	0,01
Nögur og dreifar	7,5	1722	1170	0,68
-staðalfrávik (milli tóna)		1.336	967	-
Kornuppskera	7,4	3371	3877	1,15
Beit ¹⁾	11,8	1749	1574	0,90
-staðalfrávik (milli spildna)		974	877	-
Vegið alls (fyrir utan hálm)	86,9	4367	3522	0,81

¹⁾ Beitaruppskeran er áætluð út frá fóðurþörf kúnna miðað við mjólkurframleiðslu, áætlaða meðallíffþyngd og með 10% álagi á viðhaldsþörf. Hey og kjarnfóður gefið á beitar tímanum dregið frá.

Heildarfóðuröflun á Möðruvöllum

	2004		2005		2006	
	tonn þe.	FE _m	tonn þe.	FE _m	tonn þe.	FE _m
1. sláttur	149	126.222	226	177.779	230	178.575
2. sláttur	85	65.523	88	67.459	93	73.278
3. sláttur	10	7.161	0	0	0	0
Nögur og dreifar	17	12.742	8	6.008	10	6.988
Kornuppskera	36	42.354	45	48.722	25	28.687
Beit	32	29.098	25	27.500	21	18.573
Heimaaflið fóður alls	330	283.099	392	327.468	380	306.101
Kjarnfóður aðkeypt	22	22.412	21	23.520	58	65.397
-aðkeypt fóður %	6	7	5	7	13	18
Samtals	352	305.511	413	350.988	438	371.498

Vegin meðaluppskera var heldur minni en undanfarin ár og var það að hluta vegna tíðarfars en einnig var það vegna þess að slegin voru nokkur engjatún sem fengu lítinn eða engan áburð og gefa frekar litla uppskeru. Uppskerumestu túnin gáfu ríflega 7 og 8 þurrefnistonn. Það voru annars vegar tvíslegið vallarfoxtún á fyrsta ári (Jonatan) á Efstuakramýri sem fékk tvískiptan áburð sem svarar 174 kg N/ha og hins vegar háliðagrastún sem fékk tvískiptan áburð sem svarar 234 kg N/ha. Kornuppskeran var viðunandi eða um 3,4 þurrefnistonn eða 3900 FE_m af ha.



Sprotabú (161 9538)

Þetta verkefni var kynnt í Jarðræktarrannsóknunum LbhÍ 2004. Gagnasöfnun hélt áfram árið 2006 samkvæmt áætlun, en úrvinnsla hefur dregist. Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður úr efnagreiningum á mykjusýnum sem tekin voru 2005–2006.

Efnainnihald í búfjáráburði á Sprotabúum 2005–2006 (meðaltal tveggja sýna af hverri gerð).

Bær	Gerð	Þe., %	pH	Efnainnihald, % í þurrefni								NH ₃ -N	
				Ca	Mg	K	Na	P	N	lífr. N	NH ₃ -N	% af N	kg/t mykja
1	Kýr	8,4	7,4	1,1	0,8	4,1	0,2	0,9	5,2	2,6	2,6	50,0	2,2
2	Kýr	5,9	7,8	1,5	0,9	5,0	0,4	0,9	5,4	2,4	3,0	55,0	1,8
3	Kýr	4,6	7,4	1,3	1,2	4,2	0,5	0,9	6,6	3,1	3,5	53,4	1,6
4	Kýr	7,2	7,6	1,6	1,0	6,0	0,3	1,1	7,1	2,9	4,1	58,4	3,0
5	Kýr	4,6	7,2	2,1	1,0	3,3	0,8	1,4	6,0	2,7	3,3	54,6	1,5
6	Kýr	6,8	7,3	2,1	1,0	4,8	0,7	1,6	6,1	2,9	3,2	52,0	2,2
<i>Mt. fjósmykju</i>		6,3	7,4	1,6	0,9	4,5	0,5	1,2	5,9	2,7	3,2	53,5	2,0
3	Geldneyti	7,0	7,6	0,9	0,8	4,5	0,4	1,0	6,2	2,8	3,5	55,6	2,4
3	Hestar	4,5	7,3	1,3	0,7	4,5	0,9	1,0	5,1	2,5	2,6	50,5	1,2
7	Svín	4,4	7,0	3,2	1,0	5,1	1,0	3,1	10,8	3,0	7,8	71,9	3,4

Búveður (132 1047)

Skrið vallarfoxgrass og byggs á Korpu.

Fylgst hefur verið með skriði vallarfoxgrass og byggs á Korpu undanfarin ár. Skrið fyrrnefndu tegundarinnar hefur verið metið á stofnunum Korpu, Engmo og Öddu, einum eða fleiri, ár hvert við venjulegan túnáburð. Skriðdagur byggs er fenginn úr tilraunum á mel og mýri til helminga og er meðalskriðdagur yrkjanna Skeglu, Filippu, Arve og Olsok. Báðar tegundirnar eru taldar skriðnar þegar sér í strálegg milli stoðblaðs og punts og miðskriðdagur telst þegar helmingur sprota er skriðinn.

Byggi hefur verið sáð hvert vor eins fljótt og mögulegt hefur verið vegna jarðklaka. Skriðdagur þess er því mælikvarði á árgæsku fyrri hluta sumars. Skriðdagur vallarfoxgras ætti að gefa sömu upplýsingar.

Í ár skreið bæði bygg og gras mun seinna en hitatölur gefa tilefni til. Um tveggja mánaða skeið, frá miðjum maí til miðs júlí, var tíðarfar sólarlítið og úrkomudagar margir. Sólarleysið virðist hafa seinkað þroska og mun hafa haft meiri áhrif en mældur hiti.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Vallarfoxgras, skriðd.	2.7.	7.7.	8.7.	8.7.	30.6.	27.6.	27.6.	26.6.	10.7.
Bygg, skriðdagur	10.7.	29.7.	15.7.	24.7.	15.7.	12.7.	16.7.	19.7.	31.7.
Skrið byggs, d. frá sán.	76	79	79	73	70	71	72	77	83

Veður á Möðruvöllum

	Vindhraði			Lofthiti í 2 m hæð			Raki %	Jarðvegshiti				Úr- koma mm
	Mt. m/s	Hám. m/s	Hviða m/s	Mt. °C	Hám. °C	Lágm. °C		5 sm °C	10 sm °C	20 sm °C	50 sm °C	
Janúar	6	7	32	0,8	11,4	-11,2	74	-0,7	-0,2	0,7	2,0	17
Febrúar	5	6	32	1,2	12,5	-14,5	80	-0,3	-0,1	0,6	1,7	16
Mars	4	5	37	-0,9	12,4	-16,8	78	-0,4	-0,2	0,5	1,4	7
Apríl	6	7	29	1,0	14,8	-14,1	72	0,1	-0,1	0,4	1,3	9
Maí	4	5	28	4,1	16,4	-5,4	73	4,2	2,6	1,6	1,5	16
Júní	5	6	24	10,3	19,9	-0,6	69	10,9	9,6	6,7	4,0	10
Júlí	4	4	21	10,5	22,4	-0,9	78	12,1	11,3	9,3	6,7	26
Ágúst	3	4	21	11,0	22,7	-0,4	83	12,6	12,2	10,7	8,3	54
September	3	4	24	8,2	17,6	-3,2	80	9,1	9,3	9,3	8,4	38
Október	3	4	33	3,5	14,4	-7,1	81	4,5	5,2	6,4	7,0	44
Nóvember	5	6	30	-1,8	12,4	-19,0	80	1,0	1,7	3,2	4,8	64
Desember	6	7	37	1,4	13,8	-16,4	79	0,8	1,1	1,9	3,2	52
Mt./Alls	5	5	29	4,1	22,7	-19,0	77	4,5	4,4	4,3	4,2	353

Úrkomumælingar eru nú sjálfvirkar, en hefur verið handmæld hingað til.

Veður á Korpu

Meðalhiti sólarhringsins á Korpu sumarið 2006(°C).

Skil milli sólarhringa eru kl. 9 að morgni. Meðalhiti sólarhringsins er meðaltal hámarks- og lágmarkshita, lesið af mælum kl. 9. Dagsetning við hitastig á við athugunardag. Það þýðir að meðaltalið á við næsta sólarhring á undan. Lágmarkshiti var leiðréttur eftir sprittstöðu lágmarksmælis eins og undanfarin 12 ár.

	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September
1.	-0,3	5,5	9,3	11,2	11,7	12,0
2.	-3,3	2,8	7,9	11,0	15,5	11,4
3.	-3,7	7,6	6,9	8,3	14,4	11,8
4.	-0,8	8,3	10,1	11,8	12,3	11,8
5.	1,3	9,3	11,4	10,6	11,2	10,4
6.	-1,9	10,1	8,6	8,4	12,9	8,0
7.	-1,2	8,3	9,0	12,1	10,3	10,5
8.	0,1	10,9	7,4	10,9	11,1	10,3
9.	0,2	9,8	8,9	8,7	10,6	10,4
10.	5,0	11,8	10,9	14,4	13,5	9,0
11.	3,9	10,2	13,1	12,4	11,1	9,6
12.	1,2	5,2	11,2	9,4	11,2	8,2
13.	1,2	4,8	6,8	10,8	13,0	9,8
14.	0,6	2,8	8,4	11,7	13,2	13,0
15.	0,7	7,5	9,5	11,8	11,4	11,6
16.	2,6	7,1	8,4	9,5	12,6	8,3
17.	0,8	7,2	8,8	8,9	12,0	10,8
18.	1,3	7,3	9,6	11,2	11,7	12,5
19.	0,9	6,4	9,1	10,9	12,3	12,7
20.	0,8	3,8	9,2	13,1	12,1	11,5
21.	5,5	3,8	8,7	14,4	13,4	8,7
22.	4,1	2,0	10,1	12,4	13,1	5,5
23.	1,1	4,0	11,9	12,1	12,6	5,9
24.	2,7	2,7	11,0	12,0	13,4	7,9
25.	2,8	3,3	11,6	14,3	9,8	10,6
26.	2,1	8,3	11,6	11,9	10,9	11,1
27.	5,0	4,7	8,9	13,1	12,4	7,3
28.	5,1	7,6	10,4	13,3	10,5	10,9
29.	10,0	4,6	13,8	14,2	9,4	11,5
30.	6,0	6,5	11,9	14,4	6,3	11,4
31.		8,7		15,3	8,9	
Meðaltal	1,80	6,54	9,82	11,76	11,77	10,15
Hámark	14,2	21,0	17,6	19,5	21,8	18,7
Lágmark	-10,8	-4,3	1,2	2,6	0,3	-2,1
Úrkoma mm	80,8	45,6	77,3	46,9	54,7	66,5
Úrkd.≥0,1mm	18	14	21	13	15	19

Nýtanlegt hitamagn frá maíbyrjun til septemberloka var 1073 °C. Nýtanlegt hitamagn er summan af meðalhita hvers dags að frádregnum 3,0 en er 0,0 ef meðalhiti er minni en 3,0. Hítasumma 15. maí–15. september var 1270 daggráður og meðalhiti þá daga 10,3 °C. Meðalhiti þessara fjögurra mánaða árin 1981–2005 var 9,86 °C og því var þetta sumar talsvert betra en meðalár þrátt fyrir kalda daga vor og haust.

Trjágróður kringum veðurstöðina á Korpu hefur vaxið mjög á síðustu árum og hitamælar eru því í skjóli. Þegar sólfar er að sumarlagi og útræna síðdegis, mælist hámark hitans hærra á veðurstöðinni en á bersvæði. Því eru líkur á, að í þessari töflu sé hitinn ofreiknaður, einkum fyrir þá daga, þegar sólfar hefur verið eitthvað að marki.

Vikuleg gildi nokkurra veðurþátta árið 2006, Korpu.

Vika endar	Lofthiti í 2 m hæð, °C			Jarðvegshiti kl. 9, °C				Lágm. 5 sm	Frost nætur	Sólsk. klst.	M.vindur m/sek.	Úrk. mm	Úrkomud.	
	Hiti kl. 9	Meðal-lágm.	hám.	5	10	20	50						≥0,1	≥1,0
7.1.	2,8	-0,5	6,6	1,8	1,0	0,5	1,6	-3,2	6	1	7,5	70	7	7
14.1.	-0,3	-2,5	2,3	0,2	0,2	0,3	1,7	-5,5	6	2	5,6	50	7	7
21.1.	-2,2	-6,7	0,9	0,0	0,0	0,1	1,5	-11,6	6	1	5,0	28	6	6
28.1.	2,9	0,3	5,2	0,3	0,2	0,2	1,3	-2,7	3	4	6,3	29	7	5
4.2.	5,8	3,4	8,2	3,8	2,9	2,1	1,9	-0,3	0	4	6,0	44	7	6
11.2.	0,0	-2,9	4,2	1,2	1,5	1,7	2,6	-7,6	5	15	4,2	14	5	5
18.2.	1,8	-0,7	4,4	0,5	0,5	0,7	2,1	-4,7	4	18	6,7	10	3	2
25.2.	4,9	2,9	7,6	2,7	2,3	1,8	2,0	1,1	0	6	4,8	35	7	4
4.3.	-5,1	-6,7	3,5	0,4	1,0	1,3	2,5	-12,3	6	48	2,6	15	2	2
11.3.	-0,3	-3,7	4,2	-0,3	-0,1	0,1	2,0	-7,1	4	16	5,7	44	4	3
18.3.	3,7	1,9	6,4	0,5	0,2	0,1	1,5	-0,4	2	19	3,9	32	5	3
25.3.	-2,5	-3,9	1,9	0,5	0,7	0,7	1,8	-6,7	5	30	5,4	11	3	2
1.4.	-0,5	-2,8	4,4	-0,4	-0,2	0,1	1,7	-7,9	6	59	7,2	0	1	0
8.4.	-2,2	-5,7	3,0	-0,3	-0,1	0,0	1,4	-9,2	7	46	5,1	21	4	2
15.4.	1,5	-2,4	6,1	0,0	0,0	0,0	1,3	-7,1	5	49	4,8	25	3	3
22.4.	2,0	-2,3	6,9	0,1	0,1	0,2	1,7	-6,8	4	53	4,2	8	4	2
29.4.	4,4	0,0	8,2	1,7	1,9	2,0	2,3	-4,4	5	52	4,2	19	6	4
6.5.	6,8	3,3	10,9	5,0	5,1	5,0	3,5	0,0	1	50	4,4	32	7	7
13.5.	8,3	2,3	15,1	6,8	7,3	7,3	4,9	-1,8	1	77	2,5	6	3	1
20.5.	6,3	1,1	10,9	6,1	6,6	7,1	6,0	-2,3	2	70	3,8	1	1	1
27.5.	4,7	-0,4	8,7	4,1	4,9	5,7	6,1	-5,0	4	55	4,8	4	2	2
3.6.	8,5	3,3	11,6	7,7	7,7	7,7	6,3	-0,1	1	51	4,0	18	4	4
10.6.	9,7	7,3	12,1	9,1	9,2	9,1	7,2	4,1	0	22	4,8	13	7	4
17.6.	9,5	7,1	12,1	9,6	9,7	9,8	8,0	5,0	0	19	4,9	48	7	6
24.6.	10,5	6,4	13,7	10,6	10,8	10,6	8,4	3,7	0	50	2,7	2	2	1
1.7.	11,1	7,6	15,1	11,5	11,7	11,8	9,3	5,7	0	34	4,3	10	4	3
8.7.	10,3	6,3	14,5	11,4	11,7	11,8	9,7	3,0	0	50	3,5	11	5	4
15.7.	10,3	7,4	15,2	11,6	12,0	12,2	10,3	4,0	0	35	4,9	17	3	3
22.7.	11,9	6,7	16,2	12,1	12,5	12,6	10,5	3,4	0	59	2,0	10	2	1
29.7.	12,3	9,8	16,1	13,3	13,6	13,6	11,2	7,9	0	25	3,2	6	2	1
5.8.	13,4	10,0	17,0	13,5	13,7	13,8	11,7	7,6	0	31	3,1	10	3	3
12.8.	10,8	8,7	14,4	12,7	13,1	13,3	11,8	6,2	0	17	3,4	21	6	5
19.8.	12,0	8,4	16,2	12,6	13,0	13,3	12,0	5,3	0	56	3,4	3	1	1
26.8.	11,7	9,3	15,0	12,5	12,8	13,1	12,0	6,1	0	23	3,4	14	4	2
2.9.	9,0	5,2	15,0	10,2	11,2	12,0	11,8	1,3	0	52	2,8	7	1	1
9.9.	9,3	6,3	14,6	10,4	11,0	11,5	11,3	3,0	0	23	3,4	34	5	4
16.9.	9,7	7,2	12,7	9,8	10,2	10,6	10,8	3,5	0	21	5,1	21	7	6
23.9.	8,1	5,5	13,8	8,8	9,5	10,1	10,5	1,6	2	25	4,5	12	4	3
30.9.	9,3	6,3	13,9	8,6	8,9	9,2	10,0	3,3	0	31	2,8	0	3	0
7.10.	4,0	1,2	9,8	6,2	7,0	8,0	9,5	-2,2	4	26	3,2	22	5	1
14.10.	8,8	6,7	11,5	7,1	7,1	7,3	8,6	3,0	0	10	6,1	18	6	5
21.10.	1,4	-1,1	6,9	3,2	4,2	5,6	8,2	-6,3	4	52	3,6	21	2	2
28.10.	1,1	-1,1	4,8	0,5	1,3	2,3	6,2	-6,0	4	28	5,5	79	3	3
4.11.	2,7	-0,7	6,9	1,5	1,6	2,0	4,6	-5,5	4	17	4,1	24	5	4
11.11.	2,0	0,2	6,0	2,1	2,3	2,8	4,3	-4,2	3	10	6,6	62	6	5
18.11.	-3,7	-5,8	-0,4	0,1	0,9	1,5	3,8	-10,1	6	13	6,7	21	3	2
25.11.	-1,9	-6,7	2,2	-0,8	-0,3	0,3	2,9	-11,7	6	10	5,5	10	3	2
2.12.	2,4	-1,1	4,4	-0,5	-0,3	0,0	2,3	-4,7	2	9	6,1	15	4	3
9.12.	-0,6	-4,7	2,6	-0,8	-0,4	0,0	2,0	-10,3	7	9	4,4	0	1	0
16.12.	-3,0	-5,8	0,7	-1,5	-1,0	-0,3	1,8	-10,7	6	9	3,3	32	3	2
23.12.	4,2	-0,6	6,2	-0,7	-0,9	-0,7	1,4	-2,8	3	0	8,2	36	7	5
31.12.	5,5	3,3	8,0	0,2	-0,1	-0,2	0,9	0,5	0	1	6,1	39	8	7
Mt./Σ	4,9	1,7	8,8	4,8	5,0	5,2	5,6	-2,0	134	1494	4,6	1133	220	167

Orðalistar

Listi yfir lífverur og latnesk heiti þeirra

alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	mýrastör	<i>Carex nigra</i>
alaskaösp	<i>Populus trichocarpa</i>	möðrur	<i>Galium</i> spp.
annað	not specified	neþja	<i>Brassica rapa</i> , var. <i>oleifera</i>
arfi, haugarfi	<i>Stellaria media</i>	næpa, fóðurnæpa	<i>Brassica rapa et campestris</i>
axhnoðapuntur	<i>Dactylis glomerata</i>	pólgresi	<i>Arctagrostis latifolia</i>
baunagras	<i>Lathyrus</i> spp.	puntgrös	<i>Deschampsia</i> spp.
beringspuntur	<i>Deschampsia beringensis</i>	rabarbari	<i>Rheum undulatum</i>
birki	<i>Betula pubescens</i>	ranabjalla/-bjöllur	<i>Otiorhyncus</i> spp.
bláhveiti	<i>Elymus alaskanus</i>	rauðsmári	<i>Trifolium pratense</i>
blámjalta	<i>Astragalus norvegicus</i>	refasmári	<i>Medicago</i> spp.
blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	repja	<i>Brassica napus</i> , var. <i>oleifera</i>
blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	rifsber	<i>Ribes rubrum</i>
blóðberg	<i>Thymus praecox</i> ssp. <i>arcticus</i>	rikjandi tegund	dominating species
bygg	<i>Hordeum vulgare</i>	rúghveiti	<i>Triticosecale</i>
dúnmelur	<i>Leymus mollis</i>	rúgur	<i>Secale cereale</i>
elri	<i>Alnus</i> spp.	ryðsveppir	<i>Melampsora</i> spp.
enskt rýgresi	<i>Lolium perenne</i>	rýgresi	<i>Lolium</i> spp.
erta	<i>Pisum sativum</i>	sandfax	<i>Bromus inermis</i>
eyða	bare ground	sauðvingull	<i>Festuca ovina</i>
fjallalykkja	<i>Hedysarum alpinum</i>	sexraðabygg	six row barley
fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	sitkagreni	<i>Picea sitkensis</i>
flækja	<i>Vicia sativa</i>	skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>
fura	<i>Pinus</i> spp.	skriðla	<i>Galega orientalis</i>
giljaflækja	<i>Vicia sepium</i>	skriðliðagras	<i>Alopecurus arundinacea</i>
gljávíðir	<i>Salix pentandra</i>	smári	<i>Trifolium</i> spp.
greni	<i>Picea</i> spp.	snarrót, s.puntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
gullkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>	steinsmári	<i>Melilotus</i> spp.
gulmaðra	<i>Galium verum</i>	stinnastör	<i>Carex rigida</i>
gulrófa	<i>Brassica napus</i> , var. <i>rapifera</i>	strandreyr	<i>Phalaris arundinacea</i>
gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	stör, starir	<i>Carex</i> spp.
hafrar	<i>Avena sativa</i>	sumarrepja	<i>Brassica napus</i> , var. <i>oleifera</i> , subvar <i>annua</i>
háliðagras	<i>Alopecurus pratense</i>	sumarrýgresi	<i>Lolium multiflorum</i> , var. <i>westerwoldicum</i>
hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	svepprót	<i>Mycorrhhyzae</i>
hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	túnfífill	<i>Taraxacum</i> spp.
hávingull	<i>Festuca pratensis</i>	túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
heilsugras	<i>Hedysarum</i> spp.	túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	tvíraðabygg	two row barley
hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>	umfeðmingur	<i>Vicia cracca</i>
húsapuntur	<i>Elymus repens</i>	vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
hveiti	<i>Triticum aestivum</i>	vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
hvítmaðra	<i>Galium pumilum</i>	vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	vallerta	<i>Pisum sativa</i>
ilmreyr	<i>Anthoxantum odoratum</i>	vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
kartöflur	<i>Solanum tuberosum</i>	vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
kjarrhveiti	<i>Elymus caninus</i>	varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
klóefling	<i>Equisetum arvense</i>	vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
knjáliðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>	vetrarbygg	<i>Hordeum vulgare</i> , var. <i>biennis</i>
kornsúra	<i>Polygonum viviparum</i>	vetrarhveiti	<i>Triticum aestivum</i> , var. <i>biennis</i>
lín	<i>Linum usitatissimum</i>	vetrarrepja	<i>Brassica napus</i> , var. <i>oleifera</i> , subvar <i>biennis</i>
língresi	<i>Agrostis</i> spp.	vetrarrúgur	<i>Secale cereale</i> , var. <i>biennis</i>
lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	vetrarrýgresi	<i>Lolium multiflorum</i> , var. <i>italicum</i>
lúpína	<i>Lupinus</i> spp.	víðir	<i>Salix</i> spp.
maríuskór	<i>Lotus</i> spp.	þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>		
melgresi	<i>Leymus arenarius</i>		